



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.111 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, miðvikudaginn 10.júní 2015 klukkan 15:00. Mætt eru Kristbjörg Hilmarsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Davíð Andri Agnarsson, Þórunna Harðardóttir er mætt í stað Guðbrands Magnússonar og Gísli Kjartansson mættur í stað Páls Jónssonar.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Orustustaðir – kynning á niðurstöðu skipulagsstofnunnar

Farið yfir niðurstöðu skipulagsstofnunnar vegna deiliskipulags að Orustustöðum.

Nefndin mælist til þess að Skipulagið verði yfirfarið m.t.t. athugasemda skipulagsstofnunnar. Jafnframt leggur nefndin til að samráðsfundur verði haldinn með hagsmunaaðilum vegna veglínu innan deiliskipulagsins.

2. Hrífunes – kynning á deiliskipulagi í vinnslu

Fulltrúa skipulags –og byggingarmála barst tillaga að nýju deiliskipulagi vegna Hrífuness skömmu fyrir fund. Lagt fram til kynningar.

Nefndin leggur til að skipulagið verði klárað og aulýst samkv. 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Byggingarmál:

3. Sólskáli – Skaftárvellir 9

Guðlaug Þorbergsdóttir og Böðvar Kristjánsson sækja um leyfi fyrir byggingu sólskála við hús sitt að Skaftárvöllum 9.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

4. Hörgslandskot – Beiðni

Ragnar Johansen óskar eftir vilyrði skipulags –og byggingarnefndar fyrir breytingum á húsnaði Hörgslandskoti. Um er að ræða minniháttar viðbyggingu norðan við húsið. Ekki lagt fram til samþykktar á byggingarleyfi.

Nefndin gerir ekki athugasemd við að sótt verði um byggingarleyfi fyrir viðkomandi breytingum. Mælt er til að viðeigandi hönnunargögnum verði skilað til fulltrúa skipulags -og byggingarmála.

5. Kirkjufellsvatn – Umsókn um stöðuleyfi

Jón Þorsteinsson fh. veiðifélags Kirkjufellssóknar sækir um stöðuleyfi til eins árs fyrir húsi og lítilli rotþró við Kirkjufellsvatn samkv. meðfylgjandi umsókn.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að haft verði samráð og leitað umsagnar Umhverfisstofnunnar og Forsætisráðuneytis sem fer með þjóðlendumál.

Önnur Mál.

6. Gönguleiðir neðan við félagsheimilið Kirkjuhvol

Vatnajökulsþjóðgarður sækir um leyfi fyrir að útbúa stíga sunnan við félagsheimili samkv. meðfylgjandi umsókn.

Samþykkt. Nefndinn fagnar þessu framtaki Vatnajökulsþjóðgarðs.

7. Umsókn um skiti – Sveitabragginn

Sveitabragginn verslun sækir um leyfi til að setja upp skilti á svæði norðan við hringtorg samkv. meðfylgjandi mynd.

Samþykkt. Leitað verði samþykkis landeiganda.

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl.16:00